

SAMÞYKKT

um kattahald í Fjallabyggð.

1. gr.

Markmið.

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta tryggja þeim góða vist, sjái til þess að þeir séu ekki á flækingi og af þeim stafi hvorki ónæði né tjón.

2. gr.

Stjórmsýsla.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra fer með málefni katta og kattahalds í Fjallabyggð samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar fer með framkvæmd samþykktar þessarar, í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, en tæknideild Fjallabyggðar annast framkvæmdina í umboði skipulags- og umhverfisnefndar og heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með samþykktinni.

3. gr.

Leyfi til kattahalds.

Kattahald er heimilað í Fjallabyggð að fengnu leyfi, með þeim takmörkunum og að uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari.

Lögráða íbúar Fjallabyggðar geta sótt um leyfi til kattahalds að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Eigandi kattar skal vera með ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi.
2. Kötturinn skal vera örmerktur.
3. Fyrirliggjandi samþykki sameigenda fjöleignarhúsa þar sem það á við, sbr. 10. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en þrjá ketti, eldri en 4 mánaða, á sama heimili.

Eigandi kattar má ekki hafa verið sviptur leyfi til dýrahalds með dómi fyrir brot á lögum nr. 15/1994 um dýravernd, sbr. refsheimildir í 20. gr. laganna.

Leyfi er bundið við þann kött sem sótt er um leyfi fyrir og þann eiganda sem sækir um það. Leyfi er ekki framseljanlegt. Ef köttur fær nýjan eiganda skal sá sækja um nýtt leyfi. Sömuleiðis skal endurnýja leyfi ef eigandi kattar flytur með köttinn í fjölbylishús.

Bæjarstjórn er heimilt að stöðva eða takmarka útgáfu leyfis til kattahalds tímabundið telji hún kattaeign í sveitarfélaginu of mikla. Skal þá slík ákvörðun auglýst í a.m.k einum svæðisbundnum fjölmiðli og á heimasíðu sveitarfélagsins.

4. gr.

Umsókn um leyfi til kattahalds.

Sækja skal um leyfi til kattahalds á skrifstofu Fjallabyggðar fyrir alla ketti sem halda á í Fjallabyggð á þar til gerðu eyðublaði. Sótt skal um leyfi fyrir kött áður en hann verður 2 mánaða gamall og fyrir eldri kött skal sótt um leyfi þegar hann kemur inn á heimilið.

5. gr.

Leyfisbréf og tilkynningarskylda eiganda.

Fjallabyggð gefur út leyfisbréf fyrir viðkomandi kött, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tiltekin eru í 3. gr.

Eigandi kattar skal við úthlutun leyfis fá afhenta plötu með skráningarnúmeri og heiti kattar, merki Fjallabyggðar og símanúmeri eiganda. Plata þessi skal ávallt vera fest við ól sem kötturinn skal ávallt bera um hálsinn. Jafnframt skal leyfishafi fá afhent eintak af samþykkt um kattahald í Fjallabyggð.

Við flutning skal ávallt tilkynna um nýtt heimilisfang. Ef köttur drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu skal tilkynna það á skrifstofu Fjallabyggðar.

6. gr.

Ábyrgðartrygging.

Leyfishafa er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna kattar sem hann hefur leyfi fyrir. Skal ábyrgðartrygging ná til allt þess tjóns, sem kötturinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.

7. gr.

Merking katta.

Allir kettir eldri en fjögurra mánaða skulu örmerktir af dýralækni skv. stöðlum Alþjóða staðlaráðsins (ISO 11784 eða 11785) og jafnframt bera hálsól með upplýsingum skv. 5. gr.

8. gr.

Gelding fresskatta.

Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra.

9. gr.

Ormahreinsun.

Eiganda kattar er skylt að láta ormahreinsa hann árlega frá fjögurra mánaða aldri. Til hreinsunar katta af spóluormum skal nota ormalyf sem Lyfjastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota. Skal leyfishafi skila inn vottorði dýralæknis um ormahreinsunina til tæknideildar fyrir 31. desember ár hvert.

Geyma skal hreinsunarovottorð í þrjú ár og framvísa við eftirlitsaðila ef óskað er.

10. gr.

Kattahald í fjöleignarhúsum.

Um kattahald í fjöleignarhúsum gilda ákvæði laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Um leyfi til að halda kött í fjöleignarhúsi skal fara skv. 10. tl. B-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi þar sem inngangur, stigagangur eða annað húsrými er sameiginlegt eða um annað sameiginlegt rými er að ræða, skal skriflegt samþykki 2/3 þeirra íbúðareigenda sem hlut eiga að máli, sbr. 33. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús fylgja umsókn. Sama á við ef um er að ræða parhús eða raðhús. Þegar hvorki er um sameiginlegan inngang né stigagang að ræða, er samþykkis annarra eigenda ekki þörf fyrir kattahaldi í viðkomandi fjöleignarhúsi, sbr. 33. gr. b. laganna.

11. gr.

Tillit til fuglalífs á varptíma.

Eigendum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á kettina og takmarka útiveru þeirra.

12. gr.

Aðgæslu- og umgengnisskyldur.

Eigendur katta skulu gæta þess vel, að kettir þeirra valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna.

Að öðru leyti skal fara að ákvæðum laga nr. 15/1994 um dýravernd og reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, eftir því sem við á.

13. gr.

Takmörkun á umferð katta.

Köttum má hvorki hleypa inn í húsrými né inn á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Einnig er óheimilt að hleypa köttum á staði þar sem

matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Heilbrigðisnefnd getur, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, að fenginni beiðni hlutaðeigandi stofnunar veitt undanþágu til að halda ketti sem gæludýr á heilbrigðis- og meðferðarstofnunum.

14. gr.

Handsömun katta.

Heilbrigðisnefnd gerir ráðstafanir til að fækka flækingsköttum og er heimilt að fanga ketti í búr og færa í sérstaka kattageymslu í eftirfarandi tilfellum:

1. Sé köttur ómerktur.
2. Sé ítrekað kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði.
3. Sé köttur innandyra hjá nágretta í leyfisleysi, á óheimilum stað sbr. 13. gr. eða án samþykkis í fjöleignarhúsi, sbr. 10. gr.

Eigandi kattar sem fluttur er í kattageymslu skal vitja hans innan 7 daga og greiða áfallinn kostað vegna handsömunar, fódurs og vistunar. Ef kattar er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun, er heimilt að ráðastafa honum til nýs eiganda með áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflifaður.

Handsömunar- og vistunargjald skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem Fjallabyggð setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

15. gr.

Gjaldskrá.

Bæjarstjórn skal að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, setja gjaldskrá vegna leyfis til kattahalds í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gjaldskrá skal kveðið á um gjald fyrir útgáfu og endurnýjun leyfis til kattahalds og kostnað kattaiegenda vegna annarra gjaldliða sem leiða af samþykkt þessari. Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af launa-, efnis- og umsýslukostnaði og öðrum kostnaði sem fellur til vegna hvers gjaldliðar samkvæmt rekstraráætlun.

Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Viðurlög.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

17. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 353/2002 um kattahald á Siglufirði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kattaiegendur í Fjallabyggð geta frá gildistöku samþykktar þessarar í þrjá mánuði skráð ketti sína gjaldfrjálst, en eftir þann tíma ber þeim að greiða samkvæmt gjaldskrá.

Þeim sem halda fleiri ketti en þrjá er skylt að skrá þá innan þriggja mánaða.

Umhverfissráðuneytinu, 2. júlí 2012.

F. h. r.
Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2012